

Nd.

455. Nefndarálit

[13. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarp þetta, sem hlotið hefur afgreiðslu í Ed. Þar voru gerðar á því nokkrar breytingar, sbr. þskj. 365. Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur mætti á fundi nefndarinnar og gerði henni grein fyrir stöðu og starfsemi Tryggingasjóðs fiskiskipa, en til þess sjóðs renna, sem kunnugt er, 80% af útflutningsgjaldi, sem innheimt er samkvæmt lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og samkv. síðari breytingum á þeim lögum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins, en nefndarmennirnir LJós, JSk og BP áskilja sér rétt til þess að flytja við það brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 8. marz 1971.

Birgir Finnsson,
form., frsm.

Guðl. Gíslason.

Eyjólfur Konr. Jónsson,
fundaskr.

Lúðvík Jósefsson.

Björn Pálsson.

Pétur Sigurðsson.

Jón Skaftason.